

Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum

Ársskýrsla 2017



MIDSTÖÐ SÍMENNTUNAR
Á SUÐURNESJUM

Efnisyfirlit

Ávarp stjórnarformanns	03
Inngangur forstöðumanns	04
Stjórn MSS	07
Starfsfólk MSS	08
Nám fyrir einstaklinga	09
Námsleiðir	12
Nám fyrir innflytjendur	15
Fullorðinsfræðsla fatlaðra	17
Fyrirtækjasvið	19
Náms- og starfsráðgjöf	23
Fjarnám	26
Samvinna - starfsendurhæfing	27
Erlend verkfni	31
Þróunarverkefni	36
Ársreikningur 2017	38

Ávarp stjórnarformanns



Það hafa sannarlega verið viðburðaríkir tímar undanfarna mánuði hjá Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum.

Merk tímamót voru í febrúar hjá miðstöðinni þegar hún fagnaði 20 ára afmæli sínu og 10 ára afmæli Samvinnu. Haldnir hafa verið veglegir viðburðir ætlaðir almenningi og má því segja að afmælishátíðin hafi byrjað í haust þegar röð fyrirlestra hófst. Hver mánuður með sitt þema. Undirtektirnar voru gríðarlega jákvæðar og um 540 manns sóttu þá viðburði sem í boði voru. Á afmælishátíðinni hreyfðu sérstaklega við manni frásagnir þeirra sem leitað höfðu til Samvinnu starfsendurhæfingu og fékk starfsfólkið mikið lof fyrir þá hjálp og þjónustu sem þau sem skjólstæðingar Samvinnu höfðu fengið. Virkilega gaman að sjá hversu gott starf þar er unnið.

Stjórnarseta í MSS hefur verið afar skemmtileg en undirrituð hefur setið í stjórn MSS í nokkur ár og er þetta sjötta starfsárið mitt í stjórn og þriðja árið sem stjórnarformaður. Það hefur sannarlega verið ánægjulegt og mjög gefandi að starfa í stjórn svo öflugrar miðstöðvar.

Það var ánægjulegt að sjá nýlega tölur af menntunarstigi svæðisins sem hefur hækkað samkvæmt nýlegri könnun. Langskólagengnum hefur fjölgað og þeim sem hafa lokið verklegu framhaldsnámi. Á sama tíma hefur fækkað í hópi þeirra sem eingöngu hafa lokið grunnskólaprófi. Þetta gerist ekki að sjálfu sér því að svona árangri koma fjölmargir aðilar, grunnskólar, framhaldsskólar og foreldrar. Við erum að sjálfsögðu stolt af því að bæði MSS og Samvinna eiga sinn þátt í þessu ásamt öllum undantöldum. Sem samfélag getum við sannarlega verið stolt og höldum auðvitað áfram á þessari braut.

Ég þakka stjórn MSS fyrir gott samstarf og þakka jafnframt starfsfólki MSS og Samvinnu fyrir allt sitt frábæra starf.

Grindavík, febrúar 2018.

Kristín María Birgisdóttir

Stjórnarformaður MSS

Inngangur forstöðumanns



MSS 20 ára

Mikið gæfuspor var stigið 10. desember 1998 þegar MSS var stofnað af ýmsum framsæknum aðilum. Í tuttugu ár hefur MSS þróast og dafnað og fagnaði 20 ára stofnafmæli árið 2017. Mikið vatn hefur runnið til sjávar síðan MSS hóf starfsemi sína í lítilli skrifstofu í Fjölbrautaskólanum og flutti síðan í smá horn í Bókasafni Reykjanesbæjar. Frá upphafi voru haldin námskeið í ýmsum húsakynnum út um allan bæ. Það voru hins vegar mikil tímamót þegar MSS fór í Gamla barnaskólann. Á sama tíma hófst formlegt samstarf við Háskólann á Akureyri um fjarnám á háskólastigi og sá MSS um aðstöðu nemenda hér á Suðurnesjum ásamt því að sjá um próftöku. Í mörg ár var það helst háskólastarfsemin sem almenningur tengdi við MSS. En óhætt er að segja að starfsemin hafi strax orðið öflug og mikið af fjölbreyttum námskeiðum verið haldin s.s. tólmstundanámskeið, tungumálanámskeið, tölvunámskeið, íslenskunámskeið og ekki má gleyma starfstengdu námskeiðunum sem urðu strax stærsti þátturinn í starfsemi MSS eins og upp var lagt með. Það má síðan segja að straumhvörf hafi orðið í símenntunargeiranum árið 2006 þegar Fræðslumiðstöð atvinnulífsins gerði samninga við símenntunarmiðstöðvarnar um að sjá um náms- og starfsráðgjöf úti á vinnumarkaðnum ásamt raunfærnimati og að keyra ýmsar námsleiðir. Starfsfólk MSS brást fljótt við og kom þessum verkefnum strax af stað og hefur þessi þjónusta aukist ár frá ári síðan. Það má segja að þessi verkefni hafi komið á góðum tímamarki en fyrst fór Varnarliðið eins og flestir muna eftir, síðan kom fjármálahrúnið með atvinnuleysinu sem fylgdi og þessi verkefni smellpössuðu til uppbyggingar á þeim mannauði sem við hér á Suðurnesjum höfðum yfir að ráða. Það eru ótrúlega margir einstaklingar sem notuðu tímann vel og byggðu sig upp og eru nú að koma út á atvinnumarkaðinn í því árferði sem við þekkjum núna þ.e. þegar næga atvinnu er að fá.


Gríðarlega mikil tímamót urðu þegar við fluttum starfsemi MSS í Krossmóann. Það var mikið stökk úr litla barnaskólanum og margir sem höfðu ekki trú á að við þyrftu svona mikið pláss. Áhyggjur okkar starfsfólksins snerust þó meira um það hvort okkur tækist að skapa sama

hlýlega andrúmsloftið eins og við höfðum í litla gamla barnaskólanum. Þegar við fluttum í „glerhöllina“ eins og húsið var stundum kallað þá var það eitt af okkar megin markmiðum í byrjun að reyna að tryggja að hlýleikinn færi með okkur og að einstaklingurinn upplifði sig velkominn og líði vel hjá okkur. Núna um 9 árum síðar þá tel mig geta fullyrt að okkur hafi tekist það og gleður það mig alltaf jafn mikið að heyra að fólki líði vel hjá okkur.

Við þessi tímamót sem 20 ára afmæli stofnunarinnar vissulega er, lagði starfsfólk MSS höfuðið í bleyti eins og sagt er og ákveðið var að fagna afmælinu með að skila til baka til samfélagsins sem hefur stutt við bakið á MSS allan starfstímann. Margir hafa stutt við MSS á þessum tuttugu árum sem hún hefur verið starfrækt. Á fyrstu árunum voru mörg fyrirtæki sem m.a. sáu miðstöðinni fyrir tölvum og styrktu starfsemina vel. Sveitarfélögin á Suðurnesjum hafa styrkt við starfsemina sem tengist fjarnámi á háskólastigi og íbúar hafa tekið miðstöðinni vel og verið dugleg að sækja það sem boðið er upp á. Samvinna við stofnanir og fyrirtæki á svæðinu hefur verið til fyrirmyndar og höfum við átt í mörgum samstarfsverkefnum sem hafa leitt til flottra verkefna. Í tilefni afmælisins var ákveðið að bjóða upp á fræðslutengda viðburði frá október 2017 fram í maí 2018. Hver mánuður hafði ákveðið þema og var október tengdur heilsu, nóvember sjálfstrausti og desember hugarró. Boðið var upp á 2-3 viðburði í hverjum mánuði. Viðburðirnir voru vel sóttir og á árinu 2017 sóttu 356 einstaklingar viðburði tengdu afmælinu. Haldið var áfram að fagna afmælinu á árinu 2018 með fleiri viðburðum og afmælishátíð á 20 ára starfsafmæli þann 1. febrúar 2018.

Fjöldi

Fjöldi nemendastunda á námskeiðum eftir árum



Árið 2017 einkenndist af þenslu í atvinnulífinu. Atvinnuleysi mældist hvað lægst á Suðurnesjum. Framtíðarspár gefa til kynna að atvinnumöguleikar muni aukast hér á svæðinu á næstu árum og að það vanti einstaklinga hér í vinnu. Það mun þýða aukningu íbúa af erlendu bergi brotnu og finnum við það nú þegar í starfseminni. Einstaklingum með annað tungumál hefur fjölgað til muna hjá MSS bæði í íslenskukennslu sem og í öðrum námskeiðum. Þessu þurfum við að bregðast við með fjölmeningarfærni í samskiptum sem og miðlun í kennslu.

Stolt okkar

Við sem vinnum hér hjá MSS upplifum í okkar starfi að við séum að gera góða hluti og erum afar ánægð með starfseminna. Við vorum mjög stolt þegar við fengum Starfsmenntaverðlaunin fyrir 10 árum og ekki síður ánægð þegar við fengum viðurkenninguna fyrir að vera fjölskylduvænt fyrirtæki árið 2011. Við öðluðumst gæðavottun EQM árið 2013 og vorum viðurkennd sem framhaldsfræðsluaðili af Mennta- og menningarmálaráðuneytinu sama ár.

En ætli við höfum ekki verið hvað stoltust þegar þrír nemendur sem við tilnefndum til að vera valin af Fræðslumiðstöð atvinnulífsins sem fyrirmyndir í námi fullorðinna voru valin árin 2010, 2011 og árið 2017 varð Jana Kharatian fyrir valinu en hún byrjaði að læra íslensku hjá MSS, fór síðan í skólaliðanám og útskrifaðist að lokum af leikskóla- og stuðningsfulltrúabré. Jana er flottur fulltrúi nemenda sem hefur sýnt hvað hægt er að gera ef viljinn er fyrir hendi. Við erum svo stolt af okkar nemendum sem hefja sína vegferð hjá MSS og fara oft á tíðum í aðra skóla eftir að hafa lokið námi hjá okkur eða auka starfsmöguleika sína umtalsvert.



Fyrirmynd í námi fullorðinna árið 2017 Jana Kharatian ásamt Sveindísi Valdimarsdóttur Íslenskukennara hjá MSS

Einnig heyrum við oft hvað lífsgæðin hafa aukist til muna og eru fjölmargar sögur nemenda sem bera þess vitni. Það eru sögurnar sem fá okkur til að finnast við vera að gera gott starf.

Lokaorð

Allir sem stóðu að stofnun MSS geta verið stoltir yfir 20 ára sögu stofnunarinnar því starfsemin hefur haft jákvæð áhrif á líf margra sem og samfélagið í heild. Trú mín er að MSS eigi eftir dafna vel og halda áfram að vinna að verkefnum til góðs fyrir samfélagið. Starfsfólki MSS vil ég þakka fyrir vel unnin störf á árinu og stjórn MSS fyrir gott samstarf.

Guðjónína Sæmundsdóttir

forstöðumaður MSS

Stjórn Miðstöðvar símenntunar á Suðurnesjum árið 2017



Kristín María Birgisdóttir

Stjórnarformaður, fulltrúi Sambandi Sveitarfélaga á Suðurnesjum.

Guðbrandur Einarsson

Varaformaður, fulltrúi Sstéttarféлага.

Ellert Eiríksson

Fulltrúi atvinnurekenda.

Jóhanna B. Sigurbjörnsdóttir,

Fulltrúi Reykjanesbæjar.

Kristján Ásmundsson,

Fulltrúi Fjölbrautaskóla Suðurnesja.

Varamaður Kristínar:

Puríður Gísladóttir, fulltrúi Sambandi Sveitarfélaga á Suðurnesjum.

Varamaður Jóhönnu:

Kristín Gyða Njálisdóttir, fulltrúi Reykjanesbæjar.

Varamaður Guðbrands:

Kristján Gunnarsson, fulltrúi stéttarféлага.

Varamaður Kristjáns:

Guðlaug M. Pálsdóttir, fulltrúi Fjölbrautaskóla Suðurnesja.

Stjórnin hélt 4 bókaða fundi á árinu 2017.

Starfsfólk MSS



Arndís Harpa Einarsdóttir,
náms- og starfsráðgjafi,
50% starfi til 1. ágúst og 100% frá 1. ágúst.



Kristinn Bergsson,
þjónustufulltrúi,
Sinnir útköllum eftir þörfum MSS, frá 1. september.



Áslaug Bára Loftsdóttir,
verkefnastjóri,
100% starfi.



María Rós Skúladóttir,
félagsráðgjafi,
100% starfi, lét af störfum 7. febrúar.



Birna Vilborg Jakobsdóttir,
verkefnastjóri atvinnulífs,
87% starfi.



Nanna Bára Maríasdóttir,
verkefnastjóri,
100% starfi frá 15. mars.



Eydís Eyjólfsson,
þjónustufulltrúi,
54% starfi.



R. Helga Guðbrandsdóttir,
verkefnastjóri Samvinnu,
100% starfi.



Guðjónína Sæmundsdóttir,
forstöðumaður,
100% starfi.



Steinunn Jónatansdóttir,
náms- og starfsráðgjafi,
100% starfi.



Gunnrún Theodórsdóttir,
félagsráðgjafi,
100% starfi frá 8. ágúst..



Sunna Hafsteinsdóttir,
iðjuþjálfari,
100% starfi.



Haukur Hilmarsson,
ráðgjafi,
100% starfi.



Sveindís Valdimarsdóttir,
verkefnastjóri íslenskunámskeiða,
100% starfi.



Hrönn Auður Gestsdóttir,
þjónustufulltrúi,
100% starfi.



Særún Rósa Ástþórsdóttir,
verkefnastjóri,
100% starfi.



Hólmfríður Karlsdóttir,
verkefnastjóri,
100% starfi frá 1. febrúar.



Unnar Sigurðsson,
verkefnastjóri,
100% starfi.



Jónína Magnúsdóttir,
náms- og starfsráðgjafi,
90% starfi.

Nám fyrir einstaklinga


Flokkurinn Gagn og gaman inniheldur námskeið sem einstaklingar sækja sér jafnan til skemmtunar og fróðleiks.

Þátttaka í þessum námskeiðum var eitthvað minni en árið á undan, en frekar erfitt hefur verið að ná nægilegum fjölda þátttakenda til að hægt væri að koma tólmstundanámskeiðum af stað. Til gamans má nefna að námskeið í hnýtingum (Macramé) fór fram í lok nóvember en námskeið í hnýtingum hefur verið mjög vinsælt með Jónínu Stefánsdóttur og fór eitt námskeið af stað með henni í samstarfi við MSS.

MSS býður öðrum námskeiðshöldurum að sjá um ákveðna þjónustu gegn vægu gjaldi og á árinu veittum við Félagi myndlistamanna í Reykjanesbæ þjónustu með skráningar og innheimtu á námskeiðsgjöldum fyrir þau námskeið sem fóru af stað hjá FMR.

Fjöldi

Fjöldi þátttakanda í Gagn og gaman eftir árum




Einnig er MSS í samstarfi við Þekkingarsetur Suðurnesja og auglýsir MSS námskeið fyrir setrið og sér um skráningu en Þekkingarsetur Suðurnesja sér um aðra umsýslu vegna þessara námskeiða. Í heild sinni voru haldin níu námskeið í floknum Gagn og gaman með færri þátttakendum eða 15% fækkun.

Tungumál

Eingöngu Enska fyrir útlendinga fór af stað á árinu 2017 og var um tvö námskeið að ræða, annað kennt í Reykjanesbæ og hitt í Grindavík. Reynt var þó að bjóða upp á námskeið í norsku I, spænsku I, pólsku I, ensku I og II í Reykjanesbæ en ekki náðist þátttaka í þau námskeið.

Fjöldi

Fjöldi þátttakenda á tungumálanámskeiðum eftir árum




Auking var í þátttöku í tölvunámskeiðum um 55% á milli ára.

Tölvunám

Eitt almennt tölvunámskeið fór af stað á árinu fyrir almenning, einnig voru skipulögð tölvunámskeið fyrir fyrirtæki hér á svæðinu þar sem farið var í excel, fagleg tölvupóstsamskipti og outlook.

Fjöldi

Fjöldi þátttakanda á tölvunámskeiðum eftir árum



Námsleiðir

Góður árangur í námsleiðum

MSS hefur frá árinu 2007 skipulagt lengri vottaðar námsleiðir frá Fræðslumiðstöð atvinnulífsins og hefur sá háttur einnig verið á árið 2017. Námsleiðirnar hafa ýmist verið starfstengdar eða skipulagðar út frá almennu bóklegu námi. Námsleiðir í almennu bóklegu námi miða jafnan að því að undirbúa þátttakendur fyrir frekara nám. Þar er áherslan á að læra að læra, efla skipulagsfærni, sjálfstraust í námi og ekki síst sjálfstæði í vinnubrögðum. Sú færni sem lögð er til grundvallar í lengri bóklegum námsleiðum er ætlað að styrkja stöðu þátttakenda á næstu stigum náms. Hátt í 1000 þátttakendur hafa lokið námi í Grunmenntaskóla og Menntastoðum frá árinu 2009 og hefur stór hluti þeirra haldið áfram í meira nám. Það er augljóst að slíkar bóklegar námsleiðir eru stökkpallur fyrir fullorðna námsmenn sem vilja efla námslega getu sína og öðlast færni sem nýtist m.a. til háskólanáms. Þá er tenging náms- og starfsráðgjafa við þátttakendur afar mikilvægur þáttur þegar kemur m.a. að forvörnum gagnvart brotthvarfi. Árið 2017 voru FA námsleiðirnar Aftur í nám, Grunmenntaskólinn, Menntastoðir, Skrifstofuskóli, Félagsliðabré, Leikskóla- og stuðningsfulltrúabré, Kvikmyndasmiðja, Hönnunar- og tilraunasmiðja og Sölu-, markaðs-, og rekstrarnám, Grunnnámskeið fiskvinnslu og Meðferð matvæla kenndar hjá MSS. Einnig var Leiðsögunám kennt í samstarfi við Menntaskólann í Kópavogi.

Bóklegt nám sem fyrsta skref

Grunmenntaskólinn er frábær undirbúningur þar sem farið er yfir grunnþætti í almennum bóklegum greinum. Sjálfstyrking, markmiðasetning og námstækni hefur alltaf skipað stóran þátt í Grunmenntaskólanum en á vorönn 2017 var námið endurskipulagt í samvinnu verkefnastjóra, námsráðgjafa og kennara með það í huga að auka samþættingu námgreina, efla hópinn og draga úr brotthvarfi. Grunmenntaskólinn er nú skipulagður með ákveðin þemu í huga, fyrsti hluti námsins ber heitið sjálfstraust, markmið, kraftur en þar er unnið með sjálfsmynd þátttakenda og hugað vel að hópefli. Náms- og starfsráðgjafi hittir hvern þátttakenda í upphafi náms og leggur fyrir Kans spurningalista þar sem dregnar eru fram mögulegar hindranir í námi sem og styrkleikar þátttakenda. Listinn er svo lagður fyrir aftur í lok náms og hafa þátttakendur góð tengsl við náms- og starfsráðgjafa í gegnum allt ferlið. Annar hluti námsins ber heitið að læra að læra, verkefni og skipulag. Þar eykst vinnuálag í bóklegum fögum og heildstæð verkefni eru lögð fyrir. Í þriðja hluta námsins er unnið með uppskeru og næstu skref, þátttakendur fá kynningu á námsframboði MSS, heimsækja staðnám Menntastoða og fylgjast með verkefnavinnu þar, einnig hefur hópinn farið á náms- og starfakynningu Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum sem haldin er í Reykjanesbæ. Um 95% þátttakenda sem luku Grunmenntaskólanum árið 2017 héldu áfram í Menntastoðir.

Menntastoðir voru kenndar í stað-, dreifi- og fjarnámi árið 2017. Mikil aðsókn hefur verið í fjarnám Menntastoða og hefur á móti dregið úr umsóknum í staðnámi. Þessa breytingu má skýra með breyttum aðstæðum á vinnumarkaði en jafnvel einnig með auknum áhuga og vitund í samfélaginu á möguleikum sem fullorðnir einstaklingar hafa til þess að stunda nám og taka fyrstu skrefin að frekara námi. Þróun fjarnáms og –fjarkennslu er í sífellri vinnslu hjá miðstöðinni og hafa markmið þess efnis að bjóða framúrskarandi fjarnám verið sett á oddinn hvað varðar þróun kennsluhátta. Námsleiðin Aftur í nám er ætluð þeim sem greinst hafa með lesblindu en þar fer fram lesblinduleiðrétting. Leiðréttingin og sú vinna sem fram fer í námsleiðinni Aftur í nám er mjög góður undirbúningur fyrir þátttakendur sem kljást við námsörðugleika og hafa margir þeirra haldið áfram í Grunntmenntaskólann.



Starfstengt nám mætir atvinnulífi

Reynsla sú sem myndast hefur í þróun Menntastoða hefur einnig nýst í öðrum námsleiðum. Haustið 2017 var í fyrsta skipti boðið uppá dreifinám í Skrifstofuskólanum með mjög góðum árangri. Þá fór kennsla fram tvisvar í viku hjá MSS og hluti af námsefni og kennslu fór fram í gegnum netið. Árangurinn og þörfin sýndi sig vel í eftirspurninni en stór hópur lauk námi í Skrifstofuskólanum með ósk um áframhaldandi nám hjá miðstöðinni í námsleiðinni Skrifstofuskóli 2. Einnig bárust fyrirspurnir og skráningar í næsta hóp í Skrifstofuskóla 1 fyrir vorönn 2018. Nemendur hafa lýst ánægju sinni með kennslufyrirkomulag í dreifinámi og aðstoðað við þróun námsleiðarinnar með því að benda á það sem betur mætti fara sem og það sem vel var gert. Áhersla var lögð á tengingu náms- og starfsráðgjafa við þátttakendur og fengu þeir viðtal í upphafi og við lok náms.

Sölu-, markaðs- og rekstrarnám er tveggja anna nám en því lauk í desember 2017. Námsleiðin hefur verið kennd í nokkur ár hjá MSS og miðar að því að þátttakendur útbúi viðskiptaáætlun fyrir starfandi fyrirtæki eða hugmynd að fyrirtæki.

Brúarnám er heiti náms í heilbrigðis- og menntatengdum störfum en námsleiðir í brúarnámi eru fyrir leikskólaliða, stuðningsfulltrúa og félagsliða. Námið er kennt í samstarfi við Fræðslunetið, símenntun á Suðurlandi.

Undanfarin tvö ár hafa námsleiðir í brúarnámi verið kenndar í vendikennslu en það veitir aukinn sveigjanleika fyrir þátttakendur og kemur til móts við þarfir atvinnurekenda þar sem þátttakendur geta sinnt náminu á þeim tíma sem hentar hverjum og einum.

Kvikmyndasmiðja og Hönnunar- og tilraunasmiðjan Fab-lab miða að því að þátttakendur kynnist verklegum aðferðum og notkun tækjabúnaðs um leið og sköpunarkrafturinn er virkjaður.

Þátttakendur í Kvikmyndasmiðju vinna stuttmynd frá upphafi til enda, allt frá hugmynd og handritavinnu að upptöku og klippingu. Í Hönnunar- og tilraunasmiðju vinna þátttakendur með eigin hugmynd að hönnun sem svo er framkvæmd með stafrænni framleiðslutækni. Grunnnámskeið í fiskvinnslu hafa verið kennd reglulega hjá MSS og eru þau ætluð þeim sem starfa að verkun og vinnslu sjávarafurða. Markmið námsins er að efla faglega hæfni fiskverkunarfólks ásamt því að styrkja starfsfólk varðandi samskipti, sjálfstraust, líkamsbeitingu og fleira.

Meðferð matvæla er námsleið ætluð þeim sem starfa við ýmiskonar matvælavinnslu hvort sem um er að ræða frumvinnslu eða fullvinnslu. Sú námsleið tekur mið af þeirri matvælavinnslu sem námskeiðið er haldið fyrir hverju sinni. Markmið námsins eru m.a. að námsmenn geti útskýrt mikilvægi og ábyrgð starfsmanna matvælaiðnaðar í lýðheilsu, geti útskýrt mikilvægi skipulags, eftirlits, ögunar og vandvirkni í matvælaiðnaði og þekki algenga gæðastaðla, gæðaferla og aðferðir til að skipuleggja innra eftirlit. Má nefna að á haustönn voru þrjú slík námskeið hjá MSS á mjög ólíkum stöðum allt frá starfsmönnum dýrafóðursframleiðslu til yfirmanna veitingastaðakeðju.

Leiðsögunám var kennt í annað sinn hjá MSS í samstarfi við Menntaskólann í Kópavogi. Námið er samtals 22 einingar og undirbýr nemendur m.a. undir það að fylgja ferðamönnum um Reykjanesið. Leiðsögunámið hefur það að markmiði að nemendur öðlist sérmenntun á sviði leiðsagnar og hafi færni og hæfni til þess að standast kröfur ferðaþjónustunnar hverju sinni um áreiðanleika og fagleg vinnubrögð. Mikil aukning ferðamanna hefur haft gríðarleg áhrif á svæðið og leggur MSS áherslu á hlutverk miðstöðvarinnar í að efla menntunarstig innan ferðaþjónustunnar sem og að auka gæði þeirrar þjónustu og starfsemi sem er hér fyrir.

Próun kennsluhátta

MSS hefur sett fram það markmið að bjóða framúrskarandi fjarnám og fjölbreytta kennsluhætti. Fleiri námsleiðir hafa verið skipulagðar með fyrirkomulagi dreifi- og vendináms sem veitir sveigjanleika og kemur til móts við þarfir þátttakenda sem eru á vinnumarkaði. Árið 2017 var tekið í notkun upptökuherbergi sem gerir kennurum kleift að taka upp kennslu og námsefni sem þátttakendur fá svo aðgang að í gegnum kennsluferfi MSS. Upptökuherbergið hefur einnig verið notað í verkefnavinnu með þátttakendum og er því góð viðbót við fjölbreyttar kennsluaðferðir og skapandi nálgun að námi.

Íslenska fyrir innflytjendur

Alls sóttu 298 nemendur almenn 60 kennslustunda íslenskunámskeið á árinu 2017. Þar af voru 169 nemendur á vorönn og 129 nemendur á haustönn. Af þeim fjölda voru 42 á vorönn og 22 á haustönn úr Grindavík, þar sem kennslan fór einnig fram. Einnig sóttu 14 nemendur 30 stunda íslenskunámskeið á haustönn 2017.

Íslenskunámskeiðunum er skipt upp í Íslensku 1-5 ásamt sérstökum talnámskeiðum og var skiptingin á árinu eftirfarandi:

60 stunda námskeið

Vorönn 2017	Haustönn 2017
Íslenska 1 = 49 nemendur	Íslenska 1 = 75 nemendur
Íslenska 2 = 53 nemendur	Íslenska 2 = 31 nemendur
Íslenska 3 = 31 nemendur	Íslenska 3 = 20 nemendur
	Íslenska 4 = 23 nemendur

30 stunda námskeið

	Haustönn 2017
	Íslenska 1 = 12 nemendur
	Íslenska 4 = 1 nemandi
	Íslenska 5 = 1 nemandi


Alls voru haldin 40 námskeið og voru 9 kennarar að meðtöldum verkefnastjóra að störfum við íslenskukennsluna á árinu. Mikill meirihluti nemenda kom á eigin vegum í námið en einnig komu nemendur frá Reykjanesbæ, Vinnumálastofnun og á vegum Virk og Samvinnu.

MSS er með samning við Rannís um íslenskukennslu og niðurgreiðir mennta- og menningar- málaráðaneitið námið fyrir um 300 einstaklinga á ári.

Hluti af starfi okkar hjá MSS er að veita nemendum ráðgjöf og aðstoð eftir þörfum í námi og starfi. Á árinu 2017 leituðu u.þ.b 35 erlendir nemendur sér ráðgjafar.

Fjöldi

Fjöldi íslenskunema eftir árum




Fullorðinsfræðsla fatlaðra

MSS er með samning við Fjölmennit um námskeiðahald fyrir fullorðið fatlað fólk á Suðurnesjum. Starfið er fjölbreytt og ágætlega sótt.

Gott samstarf hefur verið við Björgina geðræktarmiðstöð Suðurnesja með námskeiðið Hugur og heilsa sem stóð yfir í fimm vikur á vorönn. Á námskeiðunum var farið yfir mikilvægi þess að stunda hollan lífstíl, samskipti, drauma, markmið og skapandi hugsun. Einnig fengu nemendur kynningu á því námi sem fram fer hjá MSS og kynningu á Samvinnu starfsendurhæfingu. Kenndar voru 60 kennslustundir en auk þeirra fengu nemendur viðtal hjá iðjuþjálfra sem starfar í Björginni í byrjun námskeiðs og eftir námið stóð til boða að sækja viðtal hjá náms- og starfsráðgjafa MSS.

Fjöldi

Fjöldi þátttakenda í fullorðinfræðslu fatlaðra eftir árum



Haldin voru söngnámskeið á hvorri önn fyrir sig og voru námskeiðin mjög vel sótt. Þátttakendur á vorönninni tóku þátt í Hljómlist án landamæra og voru haldnir tónleikar í Hljómahöllinni þar sem fatlaðir og ófatlaðir listamenn frá Suðurnesjum, Selfossi og Akranesi sungu saman. Nemendur okkar sungu með m.a. Sölkú Sól og Vox Felix. Tónleikarnir voru vel sóttir og heppnuðust frábærlega vel. Einnig var námskeið í sviðsframkomu, raddbeitingu og námskeið í leiklist.



Fullorðinsfræðsla fatlaðra tók fullan þátt í Ljósanótt og fór af stað listanámskeið í byrjun ágúst og var þemað verk úr lituðum sápukúlum og þæfing. Lokapunkturinn var opnun sýningar á fimmtudeginum á Ljósanótt en það var samsýning með finnsku listakonunni Kaiju Huhtinen. Kaija sýndi verk sem hún hefur endurunnið úr gömlum fatnaði og voru verkin úr ýmsum efnum svo sem ull, gömlum gallabuxum og stuttermabolum. Hún notaði bútasaumstækni við sína listsköpun. Sýningin hékk uppi í nokkrar vikur og voru fjölmargir sem komu og skoðuðu listaverkin.

Einnig voru matreiðslunámskeið, skemmtihópur, heilsurækt og jólaföndur í boði á haustönninni.

Fyrirtækjasvið

Mikið er um að vera á Suðurnesjum þessi misserin og uppgangur í atvinnulífinu. Slíkum uppgangi fylgir þörf fyrir fleira starfsfólk og ýmsar skipulagsbreytingar fylgja í kjölfarið.

Við slíkar aðstæður er nauðsynlegt að þjálfa nýtt fólk, styrkja eldri starfsmenn og hlúa að allri starfsmannaheildinni.

Fyrirtækjasvið MSS hefur fundið fyrir þessum uppgangi og greinileg þörf er á svæðinu fyrir ýmsa starfstengda fræðslu og uppbyggingu starfsmanna og liðsheilda. Aukin eftirspurn er eftir námskeiðum, fyrirlestrum og þjónustu fyrirtækjasviðs við að skipuleggja og halda utan um námskeið og fræðslu fyrir fyrirtæki og létta þannig undir með stjórnendum fyrirtækja.

Starfsmenn fyrirtækjasviðs hafa einnig orðið varir við að fyrirspurnum frá fyrirtækjum sem ekki hafa áður verið í tengslum við MSS hefur fjölgað og oftar sem ný verkefni koma inn á borð án þess að starfsmenn fyrirtækjasviðs eigi frumkvæðið að samskiptum við nýja viðskiptavinum. Það er tilfinning starfsmanna að vitneskja um þjónustu fyrirtækjasviðs sé orðin meiri hjá stjórnendum og starfsmönnum á svæðinu. Það er trú starfsmanna fyrirtækjasviðs að þetta stafi af því að undanfarin ár hefur MSS unnið að því að móta fyrirtækjasviðinu sérstöðu innan stofnunarinnar. Það hefur verið gert með sér heimasíðu og sérstökum bæklingi fyrir fyrirtækjasviðið og kynningum út á við með kynningarheimsóknum til fyrirtækja. Einnig hefur stjórnendum fyrirtækja verið boðið tvisvar sinnum á ári á fræðslutengda hádegisviðburði sem hafa verið mjög vel sóttir. Þessi markaðssetning á þjónustu fyrirtækjasviðs MSS er án efa að skila sér og orðspor af þjónustu fyrirtækjasviðs MSS að spyrjast vel út.

Boðið er upp á úrval námskeiða fyrir fyrirtæki, starfstéttir og einstaklinga sem vilja styrkja stöðu sína á vinnumarkaði. Algengast er þó að námskeið séu sérþöntuð og sérsniðin eftir þörfum hvers fyrirtækis hverju sinni.

Námskeið

Fjöldi fyrirtækja nýtti sér þjónustu fyrirtækjasviðs MSS við skipulagningu námskeiða árið 2017. Námskeiðin voru af ýmsum toga, sum námskeiðin halda vinsældum sínum milli ára, önnur detta út og ný bætast við.

- Samskipti
- Samstarf
- Sjálfsstyrking
- Þjónustunámskeið
- Virðing og vinnusiðferði
4,5 stunda námskeið – 31 námskeið
- Skyndihjálp
4,5 stunda námskeið – 14 námskeið um allt land
- Grunnnámskeið fyrir starfsfólk í fiskvinnslum
75 stunda námskeið – 9 námskeið
- Hreinlæti og gæði fyrir matvælaíðnað
Meðferð matvæla 60 stunda námskeið – 4 námskeið
- Sterkari stjórnandi – millistjórnendanámskeið
36 stunda námskeið – 3 námskeið
- Tölvunámskeið – Office pakkinn
- Outlook og fagleg tölvupóstsamskipti
- Vörulagersnámskeið
- Fjölmening
- Hluti af heild – teymisvinna
- Námskeið fyrir sjúkraliða
Geðræn vandamál aldraðra og Heilabilun
- Umsjón og skipulagning starfsdaga fyrir þrjá vinnustaði

Fyrirtækin spanna ólík starfssvið og er þverskurður af atvinnulífinu á svæðinu. Lítil, meðalstór og upp í stærstu vinnuveitendur á Suðurnesjum. Fyrirtæki á flugvallarsvæðinu, í ferðaþjónustu, matvælaíðnaði, fiskvinnslu, sveitarfélög og hið opinbera.

Alls voru um 2000 þátttakendur sem sóttu 106 námskeið sem haldin voru af fyrirtækjasviði fyrir fyrirtæki og stofnanir á árinu. Þetta er talsverð aukning frá árinu á undan þegar litið er til þátttakendafjölda og árið það besta frá upphafi hjá MSS.



Fyrirlestrar

Fyrirtækjasvið MSS bauð til opinna fyrirlestra og einnig voru fyrirlestrar í tilefni afmælisárs MSS, samtals 8 fyrirlestrar sem voru mjög vel sóttir.

Dæmi um fyrirlestra; Áhrif kvíða á lífið, Það fæðist enginn atvinnumaður, Viðskipti og menning frá austri til vesturs og Hámarksárangur í atvinnulífinu, virkjun liðsandans. Í heildina sóttu um 550 einstaklingar þessa 8 fyrirlestra.



Fræðslustjóri að láni

Starfsmenntasjóðir helstu almennu stéttarfélaganna bjóða fyrirtækjum sem greiða til félaganna vegna starfsmanna að taka þátt í verkefni sem nefnist Fræðslustjóri að láni. Þátttaka í verkefninu er fyrirtækjunum að kostnaðarlausu.

Í fræðslustjóraverkefnum eru myndaðir rýnihópar úr öllum deildum fyrirtækisins og gerð greining á fræðsluþörfum innan fyrirtækisins og í framhaldinu útbúin fræðsluáætlun. Með verkefninu er fræðslustarf fyrirtækja gert markvissara og því komið í ákveðinn farveg. Í framhaldi af slíkum verkefnum sér MSS mjög oft um skipulagningu og utanumhald stakra námskeiða í fræðsluáætluninni og gott samstarf skapast milli fyrirtækisins og MSS.

Árið 2017 fór fram vinna við eitt stórt verkefni fyrir Íslenska gámafélagið, þar sem fram fór greining meðal starfsmanna fyrirtækisins víðsvegar um landið. Þetta verkefni hófst seinni hluta ársins 2016 og lauk á vormánuðum 2017.

Önnur fyrirtæki sem hafa farið áður í gegnum Fræðslustjóra að láni í samstarfi við MSS eru meðal annars Airport Associates, HS Orka, Olís, Eimskip, ISS, Olúdreifing, Nesfiskur, Skólamatur, Allt hreint og Northern Light Inn.

Styrkumsóknir

MSS kynnir starfsmenntastyrki fyrir fyrirtækjum og stofnunum og býður aðstoð við að sækja styrki vegna fræðslu og námskeiða fyrir starfsfólk. Með þessum hætti auðveldar MSS fyrirtækjum vinnu og umsýslu vegna námskeiðahalds og einnig er algengt að fyrirtæki viti ekki um þá styrki sem í boði eru til niðurgreiðslu þegar kemur að fræðslu fyrir starfsfólk. Fyrirtæki eru mjög ánægð með þennan lið í þjónustu MSS og nýta langflestir viðskiptavinir MSS sér þessa þjónustu.

Námsráðgjöf á vinnustaði


Náms- og starfsráðgjafar hjá MSS fara reglulega í heimsóknir á vinnustaði, kynna námsráðgjöf og veita einstaklingsviðtöl. Starfsmenn fyrirtækjasviðs kynna einnig þennan möguleika í sínum fyrirtækjaheimsóknum. Viðtölin eru einstaklingum að kostnaðarlausu og áhersla er lögð á hvatningu til virkrar símenntunar, að upplýsa starfsfólk á vinnumarkaði um námsmöguleika og stuðla að starfsþróun. Fjöldmörg fyrirtæki á Suðurnesjum hafa fengið heimsókn og kynningu og fjölmargir starfsmenn nýtt sér það að koma í námsráðgjöf hjá einhverjum af þremur náms- og starfsráðgjöfum MSS.

Það var kraftur og fjölbreytni sem einkenndi árið 2017 á fyrirtækjasviði. Árið var mjög gott, verkefnin fjölmörg og mikil aukning í fjölda þátttakenda á námskeiðum og fyrirlestrum. Það má merkja aukna vitund meðal stjórnenda á svæðinu um þá þjónustu sem fyrirtækjasvið MSS býður upp á og á uppgangstímum eins og nú eru á svæðinu eru vaxtarmöguleikar fyrir þjónustu sviðsins miklir. Nú skiptir máli að halda áfram því öflugra starfi sem hefur verið undanfarin ár og bæta í þar sem atvinnulífið þenst út.

Náms- og starfsráðgjöf

Margbreytileg náms- og starfsráðgjöf var einkennandi fyrir markhóp framhaldsfræðslunnar árið 2017.

MSS er með samning við Fræðslusjóð um náms- og starfsráðgjöf og raunfærnimat og er fjöldi ráðþega og raunfærnimatsverkefna í samræmi við samning. Heildarfjöldi viðtala á árinu samkvæmt samningi voru 829 talsins. Hópráðgjöf var tæp 32% og einstaklingsviðtöl 66%. Hvatningarviðtöl eru viðtöl sem verkefnastjórar taka við sína nemendur og voru þau 2,5% af heildarfjölda viðtala.



Stór hluti ráðgjafa MSS fór í þróunarverkefnið GOAL þar sem markmið verkefnisins voru að þróa ráðgjöf og leiðsögn fyrir fullorðna námsmenn sem að öllu jöfnu sækja sér ekki náms- og starfsráðgjöf. Niðurstöður og frekari lýsingu á verkefninu er að finna í kaflanum um þróunarverkefni. Eitt af afurðum verkefnisins var námskeið fyrir erlenda atvinnuleitendur. Námskeiðið var tilraunakeyrt í desember og stefnan sett á fleiri námskeið strax á nýju ári.

Hópráðgjöf fyrir atvinnuleitendur með annað tungumál en íslensku

Í kjölfar verkefnisins GOAL hefur Miðstöðin boðið atvinnuleitendum með annað tungumál en íslensku upp á hópráðgjöf. Stór hópur erlendra einstaklinga eru á atvinnuleysissskrá. Því hefur frá vori verið námskeið í þróun hjá MSS svokölluð starfsleitarnámskeið sem við köllum „Á leið í starf“. Námskeiðin innihalda þætti eins og sjálfsskoðun, áhugasviðsgreiningu, færnimöppu- og ferilskrágerð, kynningarbréf, markmiðasetningu og fleira, eins og við höfum verið með fyrir

íslenska atvinnuleitendur. Túlkur sem greiddur er af VMST er á öllum námskeiðunum.

Námskeiðin falla vel að þörfum erlendu atvinnuleitendanna þar sem þau eru að hluta einstaklingsmiðuð og efnistöð þróuð í samvinnu við VMST, sem þekkir þarfir skjólstæðinga sinna vel. Í undirbúningi er þróun framhaldsnámskeiðs fyrir sama hóp, þar sem áhersla verður lögð á frekari sjálfsstyrkingu, vinnusiðferði og hlutverk starfsmanns, samfélagið og vinnumarkaðurinn, markmiðssetningu og eftirfylgni.

Starfsleitarstofa fyrir erlenda einstaklinga er líka í boði fyrir aðrar samstarfsstofnanir. Starfsleitarstofu á íslensku var líka sinnt á árinu þó minna hafi farið fyrir henni en undanfarin ár.

Almenn ráðgjöf

Ráðgjafar hafa sinnt nemendum á námsleiðum MSS bæði með einstaklingsviðtölum og hópráðgjöf. Allir nemendur fá kynningu á ráðgjöfinni í upphafi námsleiðar. Þá fá allir viðtal við náms- og starfsráðgjafa í upphafi og lok námsleiðar og/eða eftir þörfum. Í hópráðgjöf eða kennslu var viðfangsefnið ýmist sjálfstyrking, námstækni, ferilskrá/færnimappa og starfsfræðsla. Tenging við þátttakendur námsleiða var mikil og góð.

Notendur þjónustunnar hafa nýtt sér áhugasviðskannanir, sjálfstyrkingu, námstækni, markmiðasetningu, upplýsingar um leiðir til áframhaldandi náms, ferilskrargerð, stuðning og hvatningu við markmið sín og raunfærnimat. Einnig hafa einstaklingar komið til að ræða persónuleg mál sem hafa áhrif á námið og þróun á starfsferlinum.

Raunfærnimat

Raunfærnimat í Fisktækni fór fram á vorönn þar sem úthlutun ársins 2016 var kláruð. Nokkrir kláruðu skimun á haustönn en luku ekki mati en vildu þreyta matið á vorönn 2018. Ákveðið var að nýta fjármagnið á vorönn 2018 í að tilraunakeyra mat með starfsfólki í fiskvinnslu sem er með annað móðurmál en íslensku.

Raunfærnimat í almennri starfshæfni fór fram allt árið. Þátttakendur voru 19 talsins. Þátttakendur komu frá Virk, Samvinnu, félagsþjónustu Sandgerðis, Garðs og Voga og Vinnumálastofnun. Bakgrunnur einstaklinganna var misjafn en inntökuskilyrðin voru að hafa nokkra vinnusögu og vera 23 ára eða eldri. Verkefnið nýttist alla jafna mjög vel til aukinnar meðvitundar um eigin starfshæfni í samanburði við kröfur atvinnulífsins, dró fram styrkleika og jók sjálfstraust þátttakandans að mati ráðgjafa.

Raunfærnimat í verslunarfulltrúa fór fram á haustönn og luku 9 manns mati með glæsibrag. Allir fengu fullt hús stiga og eru áhugasamir um að nýta þetta tækifæri sem stökkpall til frekara náms. Við munum aftur bjóða upp á raunfærnimat í verslunarfulltrúa á haustönn 2018, þar sem eftirspurn virðist vera eftir því.


MSS mun áfram leggja sitt af mörkum við raunfærnimat og þróun þess. Enda gífurlega gott tækifæri fyrir einstaklinginn til uppbyggingar á starfsferlinum.

Samantekt

Náms- og starfsráðgjöf MSS sinnir fjölbreyttum verkefnum og styður vel við aðra starfsemi miðstöðvarinnar sem endranær. Fjöldmörg krefjandi og skemmtileg verkefni voru unnin á árinu og munum við halda góðu starfi áfram sem og halda áfram að þróa ráðgjöfina. MSS hefur metnað í samstarfi verkefna við Fræðslumiðstöð atvinnulífsins og aðrar símenntunarstöðvar á landinu með það að marki að bjóða góða þjónustu fyrir markhópinn. Ljóst er að ráðgjöfin skiptir máli fyrir markhóp framhaldsfræðslunnar og aðrar samstarfsstofnanir.

Fjöldi

Fjöldi viðtala og fjöldi í hópráðgjöf eftir árum



Fjarnám

Það voru um 89 nemendur sem nýttu sér aðstöðu hjá MSS til að stunda fjarnám á vorönn 2017 en 122 á haustönn, sem er svipuð tala á milli ára.


Aðstaðan og þjónustan sem fjarnemar geta nýtt sér hjá MSS er margvísileg og má nefna aðstöðu til lærdóms og próftöku ásamt því að sækja kennslu í gegnum fjarfundabúnað. Einnig fá nemar aðgengi að þjónustu náms- og starfsráðgjafa MSS, prentþjónustu og aðstoð varðandi ýmis tilfallandi atriði tengd náminu sem upp koma.

Alls voru haldin 221 próf á árinu sem MSS hafði umsjón með fyrir Háskólann á Akureyri, Háskóla Íslands, Bifröst, Menntaskólan á Egilsstöðum, UMEÁ School of Business and Economics Sweden og International business school Barcelona ESEI. Skipulag, undirbúningur og yfirseta í prófunum var í höndum MSS.

Það voru 12 fjarnemar frá HA sem útskrifuðust vorið 2017 (ein útskrift sem var í október 2016 fylgir með í þessar tölu) úr viðskiptadeild, hjúkrunarfræðideild, iðjuþjálfunarfræðideild, sálfræði, fjölmiðlafræði og nútímafræði. Ekki var haldin Háskólahátíð þetta árið vegna dræmrar þátttöku útskriftarnema.

Fjöldi

Fjöldi fjarnemanda eftir árum



Samvinna – starfsendurhæfing

Hugmyndafræði Samvinnu gengur út á að vinna að heildstæðri úrlausn hindrana þátttakenda á einstaklingsmiðaðan hátt.


Þátttakandi er sjálfur virkur í sinni endurhæfingu frá upphafi þar sem hann kemur með virkum hætti að gerð sinnar endurhæfingaráætlunar. Endurhæfingin fer að mestum hluta fram í hóp, t.d. með námskeiðum, fræðslu, hópefli og líkamspjálfun en á einstaklingsmiðaðan hátt þar sem tekið er mið af þörfum hvers og eins. Einnig fer endurhæfingin fram einstaklingslega með viðtölum eða þjálfun hjá fagaðilum, launaðri eða ólaunaðri vinnuprufu. Unnið er að því að bæta líkamlega, andlega og félagslega stöðu einstaklinga með það að markmiði að þeir verði tilbúnari í starf á almennum vinnumarkaði eða í áframhaldandi nám. Áhersla er lögð á að efla og virkja hvern þátttakanda með það að markmiði að hann öðlist trú á sjálfan sig og eigin getu. Þátttakendur fá stuðning við að taka á hindrunum sínum og efla styrkleika sína, ásamt þjálfun í að setja sér raunhæf markmið.

Fjöldi þátttakenda var nokkuð jafn yfir mánuðina eins og sjá má á mynd 1. Þátttakendur voru 56 í júní en 71 þegar mest var í október.

Mynd 1


Fjöldi

Fjöldi þátttakenda



Konur voru í meirihluta Samvinnu eins og sjá má á mynd 2.
Alla mánuðina voru konur um 60% af þátttakendum.

Mynd 2




Aldur þátttakenda var breiður, yngsti þátttakandinn var 20 ára og elsti 64 ára.

Athygli vekur að óvenju margir þátttakendur voru fæddir árið 1992 eins og sjá má á mynd 3.

Mynd 3

Fjöldi

Aldur þátttekenda



Endurhæfingarleiðir – innihald

Boðið er upp á mismunandi þjónustuleiðir í Samvinnu og fá allir þátttakendur sinn ráðgjafa úr hópi starfsmanna sem heldur utan um þeirra mál og er tengiliður þeirra í endurhæfingunni. Samvinna er í samstarfi við fagfólk úr öðrum þjónustukerfum sem veita þátttakendum aðstoð og stuðning í endurhæfingunni. Meðal fagfólks og stofnana sem koma að starfinu má nefna félagsráðgjafa, iðjuþjálfara, þroskaþjálfara, náms- og starfsráðgjafa, markþjálfara, næringarráðgjafa, fjármálaráðgjafa, íþróttufræðing, sálfræðinga, sjúkraþjálfara, menntastofnanir og námskeiðshaldara. Samvinna á einnig gott samstarf við atvinnurekendur um vinnutengingu þátttakenda í formi vinnuprufu eða starfsþjálfun.

Samvinna starfsendurhæfing er með þjónustusamning við VIRK starfsendurhæfingarsjóð sem er eini starfsendurhæfingarsjóðurinn á landinu og gilda þar lög nr. 60/2012. Til þess að eiga rétt á þjónustu VIRK starfsendurhæfingarsjóðs þarf fólk að vera með heilsubrest sem staðfestur er af lækni og hafa tilvísun frá lækni.

Hjá Samvinnu eru í boði tvær heildstæðar leiðir í starfsendurhæfingu ásamt eftirfylgd.

Mat á stöðu og starfsendurhæfingarmöguleikum

Um er að ræða endurhæfingu í 1-3 mánuði eftir markmiðum hverju sinni. Þessi leið er nýtt til að meta raunhæfi þess að hefja markvissa starfsendurhæfingu. Þátttaka einstaklings telst m.a. fullnægjandi ef honum tekst að mæta og taka þátt í þjónustu sem nemur 12-15 tímum á viku.

Einstaklingsmiðuð þverfagleg starfsendurhæfingarlína

Á þessari leið er unnið heildstætt með vanda einstaklings með það að markmiði að einstaklingur fari aftur út á vinnumarkaðinn eða í áframhaldandi nám. Gerð er krafa um virkni í 15-20 tíma á viku í bæði hópúræðum og einstaklingsmiðaðri þjónustu.

Eftirfylgd


Eftirfylgd er fyrir þátttakendur sem hafa lokið endurhæfingu og þurfa á stuðningi að halda í námi eða í vinnu.

Á mynd 4 má sjá skiptingu þátttakenda á endurhæfingarleiðum.

Mynd 4

Fjöldi

Fjöldi í endurhæfingu



Endurhæfingin sérsniðin að þátttakanda

Endurhæfing hjá Samvinnu er sérsniðin að þörfum hvers og eins þátttakanda.

Ávallt er í boði dagskrá/stundarskrá sem er eingöngu fyrir þátttakendur í Samvinnu og skipulögð í 6 vikur í senn. Að venju var dagskráin mjög fjölbreytt og megináherslan á heilsutengda þætti og námskeið sem styðja einstaklinga til þátttöku í atvinnulífinu. Þátttakendum gafst tækifæri á að setja upp sína eigin stundatöflu út frá sínum styrkleikum og hindrunum. Ráðgjafar deildarinnar leggja mikinn metnað í að sinna þátttakendum vel með það að markmiði að mæta þörfum hvers og eins. Einnig eru þátttakendur í Samvinnu á fjölbreyttum námsleiðum eða að prufa sig á almennum vinnumarkaði í samstarfi við stofnanir og fyrirtæki á svæðinu.

Á mynd 5 má sjá skiptingu á milli námsleiða, menntastofnana og þátttöku í vinnuprufum. Fleiri nýttu sér menntaleiðir en á síðasta ári og svipaður fjöldi prufaði vinnu á almennum markaði. Samstarf við fyrirtæki á Suðurnesjum var til fyrirmyndar og eiga þau þakkir fyrir.

Mynd 5

Menntastofnun - MSS	Fjöldi	Nám utan MSS eða vinnuprufa	Fjöldi
Aftur í nám – lærðu á lesblinduna	9	Fjölbrautaskóli Suðurnesja	2
Félagsliðabré	1	Fjölbrautaskólinn við Ármúla	2
Grunnmenntaskólinn	18	Tækniskólinn	1
Hönnunar og tilraunasmiðja - Hakkit	2	Vinnuprufun á alm. vinnumarkaði	20
Íslenska fyrir útlendinga	9	Stuðningur í starfi	4
Kvikmyndasmiðja	24		
Menntastoðir	32		
Sölu- markaðs- og rekstrarnám	5		
Skrifstofuskólinn	1		
Samtals	101	Samtals	29


Samantekt

Tilvísanir í Samvinnu voru tiltölulega jafnar yfir árið eða frá 56 tilvísunum til 71 líkt og á síðasta ári. Gefist hefur vel að skipuleggja stundaskrá 6 vikur fram í tímann þar sem hver og einn þátttakandi fær sína eigin stundatöflu. Samstarf okkar við ráðgjafa VIRK er til fyrirmyndar og eru fundir haldnir með þeim mánaðarlega auk reglulegra samskipta vegna sameiginlegra mála sem snýr að þátttakendum Samvinnu. Ráðgjafar Samvinnu sitja rýni með sérfræðingum og ráðgjöfum VIRK þar sem skoðuð er framvinda hvers einstaklings og áætlun um næstu skref er gerð. Einnig erum við í samstarfi við önnur stéttarfélög, Vinnumálastofnun og Festu lífeyrissjóð sem líka eru í sama húsi.

Tekið var saman hver framfærsla og virkni þátttakenda var við útskrift árið 2017 á næstu tveimur myndum. Eins og sjá má á mynd 6 voru alls 36% með laun á almennum vinnumarkað sem er aukning frá árinu áður. Það sem flokkast undir annað voru 7% eða 5 þátttakendur sem voru ekki með neinar tekjur. Þátttakendur sem fengu örorkulífeyri og endurhæfingarlífeyri frá TR eða voru metnir með 25% starfsgetu frá VIRK voru 52%, á fjárhagsaðstoð sveitarfélaga 2% og á námslánum 3%, enginn var á atvinnuleysisbótum.

Framfærsla þátttakenda sem útskrifuðust 2017


Mynd 6



■ Laun ■ Endurhæfingarlífeyrir ■ Örorkulífeyrir/starfsgetumat ■ Námslán ■ Fjárhagsaðstoð ■ Annað

Virgni þáttakenda sem útskrifuðust 2017

Mynd 7



■ Annað
 ■ Launað störf
 ■ Endurhæfing
 ■ Náms
 ■ Atvinnuleit
 ■ Sjálfbóðaliðastarf

Eins og sjá má á mynd 7 voru 50% þátttakenda eða helmingur þeirra sem útskrifuðust í virkni ef tekið er saman launað starf, sjálfbóðaliðastarf og nám. 23% voru í endurhæfingu annarsstaðar en á vegum Samvinnu. 17% þátttakanda var flokkað í annað en það getur verið fæðingarorlof, heimavinnandi eða engin skipulögð virkni. Líkt og síðustu ár er atvinnuleysi lítið á Suðurnesjum og fjöldi fólks vantar á vinnumarkaðinn sem gerir starf okkar auðveldara ef þátttakendur eru tilbúnir að fara í launað starf.

Erlend verkefni

Erasmus+ – Speaking for yourself

Speaking for yourself er samstarfsverkefni fimm Evrópuþjóða, þ.e. Spánverja, Belga, Svía, Hollendinga og Íslendinga. Verkefnið snýst fyrst og fremst um það að skoða með hvaða hætti má bæta og auka hina eiginlegu talkennslu og þjálfun í tungumálanámi og skoða mismunandi aðferðir og leiðir til að efla nemendur á því sviði. Hluti af verkefninu felst í því að skoða kennsluaðferðir og reynslu tungumálakennara í fullorðinsfræðslu. Þá snýst verkefnið um að útbúa verkfærakistu „toolbox“ sem nýta má við mat á talfærni. Haldinn var einn fundur á árinu, á Íslandi. Verkefnið hófst árið 2014 en MSS tók við verkefninu af Farskóla norðurlands vestra fyrirhluta árs 2015. Verkefninu lauk á árinu.

Erasmus+ – TELLE

TELLE er samstarfsverkefni fimm Evrópuþjóða, þ.e. Finnlands, Noregs, Eistlands, Þýskalands og Íslands. Verkefnið snýst um endurmenntun starfsmanna, kennara og verkefnastjóra og getur hvert land sent fimm þátttakendur á námskeið sem varir í fimm daga í hverju landi. Einnig fara kennarar á milli landa og halda námskeið. Haldin voru tvö námskeið á árinu á Íslandi og í Finnlandi. Sóttu flestir starfsmenn MSS þessi námskeið. Verkefnið hófst árið 2015 og lauk á árinu.

Erasmus+ - GOAL

Goal (Guidance and Orientation for Adult Learners) er 36 mánaða verkefni stýrt frá Belgíu. Fræðslumiðstöð atvinnulífsins stýrir verkefninu á Íslandi en MSS ásamt Mími símenntun eru framkvæmdaraðilar. Verkefnið snýr að því að þróa ráðgjöf fyrir fullorðna námsmenn í gegnum alþjóðlegt samstarf. Meginþættir verkefnisins snúa að því að koma á og þróa tengslanet milli hagsmunaaðila/stofnana eða bæta það sem fyrir er ásamt því að skilgreina árangursríkar leiðir til að virkja markhópinn. Unnið verður að því að þróa sérstakar aðferðir eða tæki fyrir þjónustu náms- og starfsráðgjafar sem beinist helst að þeim sem sækja síður í nám. Verkefnið hófst í febrúar 2015.

Erasmus+ - Café Lingua

MSS hóf 2ja ára samstarfsverkefni með þremur öðrum samstarfslöndum árið 2015. Verkefninu er stýrt frá Finnlandi. Markmiðið er að þjálfva tungumálanotkun innflytjenda með því að setja upp tungumálakaffi og skapa þannig aðstæður til að þjálfva upp talmál. Einnig er markmiðið að stuðla að fjölmenningslegu umhverfi og skilningi á milli ólíkra þjóða. Haldnir voru tveir fundir á árinu í Lettlandi og á Íslandi. Verkefninu lauk á árinu.

Erasmus+ – Let's study

MSS hóf 2ja ára samstarfsverkefni með sjö öðrum samstarfslöndum árið 2015.

Verkefninu er stýrt frá Litháen. Markmiðið er að gera skil á góðum starfsháttum í starfsnámi fyrir fólk með fatlanir. Haldnir voru tveir fundir á árinu í Eistlandi og á Ítalíu. Verkefninu lauk á árinu.

Erasmus+ - ICON (Inverted Classroom Online)

ICON er samstarfsverkefni stofnanna frá Ítalíu, Portúgal, Þýskalandi, Spáni og Noregi sem leiðir verkefnið. Í verkefninu er lögð áhersla á að efla og þjálfa kennara, verktaka og verkefnastjóra til að nýta sér tækni í kennslu. Lögð er áhersla á aðferðafræði þess að útbúa gagnleg og vel útfærð kennslumyndbönd með því að læra á upptöku- og klippiforrit.

Markmið verkefnisins eru að:

- Þjálfa og efla kennara til þess að búa til kennslumyndbönd
- Efla tæknilega þekkingu og útbúa aðstöðu fyrir slíkar upptökur
- Deila reynslu og þekkingu á fjarnámi/kennslu
- Efla sérfræðikunnáttu verkefnastjóra og kennara

Haldnir voru þrjú fundir á árinu, á Ítalíu, Íslandi og Spáni. Verkefnið hófst árið 2016.

Nordplus voksen - NLCI (Nordic learning center innovation)

MSS er þátttakandi í Nordplus verkefninu Nordic learning center innovation þar sem unnið er með hugmyndir um nýsköpun norrænna námsmiðstöðva en verkefnið miðar að endurhönnun og nýsköpun þeirra kennsluaðferða og lausna sem þátttakendur nýta nú þegar í miðstöðvum sínum. Sérstök áhersla er lögð á að til verði sjálfbærar leiðir innan hvernar miðstöðvar með tilliti til þeirra áskoranna sem þeim mæta.

Verkefnið byggir á fjórum meginþáttum sem allir miða að því að styrkja námsmiðstöðvar og efla nærsamfélagið. Þættirnir nefnast markviss miðlun, nýjar leiðir til að nema, að nálgast nýja þátttakendur og að virkja nærsamfélagið við nám. Þátttakendur í verkefninu auk MSS koma frá Danmörku, Svíþjóð og Finnlandi.

Markmið verkefnisins eru að:

- Efla og fjölga námstækifærum innan námsmiðstöðva
- Styrkja og efla menntunarstig í nærsamfélaginu í gegnum fjarnám
- Gera fleirum kleift að stunda fjarnám frá heimabyggð og efla þannig atvinnu í nærsamfélaginu
- Nýta fjölbreyttar leiðir við nám og kennslu í fjarnámi

Þróunarverkefni

Færni í ferðapjónustu – fjarnám

Markmið verkefnisins er að þróa námsefni úr námsleiðinni Færni í ferðapjónustu I og aðlaga hana að fjarkennslu með snjallsímataækni í huga þ.e. spjalddtölvur og snjallsíma.

Fjarnám í færni í ferðapjónustu skapar svigrúm og úrræði til að mæta þörfum atvinnulífsins fyrir aukna þekkingu og hæfni starfsmanna og veitir einstaklingum sem búa við skerta möguleika til náms eða atvinnuþátttöku framhaldsfræðslu þar sem tekið er mið af ójafnri stöðu þeirra og hæfni. Verkefnið er styrkt af Þróunarsjóði framhaldsfræðslunnar. Verkefnið hófst vorið 2014 og lauk á árinu.

Gæðahandbók fyrir starfsnám

Markmið verkefnisins er að útbúa gæðahandbók ætluð einstaklingum og fyrirtækjum í starfsnámi sem væri bæði leiðbeinandi í ferlinu og hagnýtt matstæki. Þróa markvisst starfsnám sem skilar árangursríku og hagnýtu starfi. Efla samstarf MSS við fyrirtæki með öflugri kynningu á starfsnámi. Styrkja stöðu einstaklinga sem hafa litla skólagöngu og auka möguleika þeirra á vinnumarkaði og/eða námi.

Handbókin er hagnýtt matstæki með fyrirfram skilgreindum hæfniviðmiðum. Þannig yrði lagt mat á þátttöku einstaklings, námstækifæri, starfshæfni og ábyrgð, auk reynslu og upplifun beggja aðila þ.e. einstaklings og fyrirtækis.

Verkefnið er styrkt af Þróunarsjóði framhaldsfræðslunnar. Verkefnið hófst vorið 2015 og lauk á árinu.

Vendikennsla í íslensku I

Yfirfara á námsefnið í íslensku I fyrir alla, með það fyrir augum að búa til ítarefni á stafrænu og myndrænu formi sem eykur áhuga nemenda og gerir þeim auðveldara að vinna sjálfstætt. Byggt er á hugmyndafræði vendikennslu eða „flipped classes“, þar sem innlöggn til nemenda byggir á myndbandsbrotum sem tengjast innhaldi hvers námsþáttar fyrir sig.

Markmið verkefnisins eru að:

1. Glæða námsefnið lífi og gera það áhugaverðara.
2. Gera nemendum kleift að undirbúa sig betur undir kennslu.
3. Kynna námsefnið á stafrænu formi og gera það aðgengilegra bæði fyrir nemendur sem sækja námið hjá okkur, sem og þá sem kjósa að læra á sjálfstæðan hátt af eigin frumkvæði.

Verkefnið er styrkt af Þróunarsjóði framhaldsfræðslunnar. Verkefnið hófst vorið 2015 og lauk á árinu.

Grunnatriði stærðfræðinnar

Markmið verkefnisins er að efla grunnleikni í stærðfræði og auka getu nemenda til að nota reikniaðgerðir og sjá samhengi á milli þeirra. Auðvelda aðgengi nemenda að kennsluefni í stærðfræði og að nemendur byrji á grunnreglum og grunnatriðum stærðfræðinnar svo þeir vinni að því að styrkja sig með heildstæðri áætlun. Í byrjun náms munu nemendur fylla út staðlaðan lista sem sýnir hver hæfni nemanda er og hvar skal byrja að byggja ofan á fyrri þekkingu. Verkefnið byggist upp á að nemendur vinni samkvæmt einstaklingsáætlun. Nemendur verða mun sjálfstæðari í vinnubrögðum sem á eftir að auka áhuga þeirra og færni í að vinna sjálfstætt.

Stefnt er að því að prufukeyra verkefnið haustið 2018 í Grunnmenntaskólanum og þegar búið verður að koma því vel fyrir á kennsluvefnum okkar þá mun MSS koma verkefninu á framfæri fyrir aðrar námsleiðir sem og aðrar símenntunarstöðvar.

Verkefnið er styrkt af Þróunarsjóði framhaldsfræðslunnar. Verkefnið hófst vorið 2017 og stefnt er á áætluð lok verkefnisins í desember 2018.

Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum

Ársreikningur 2017



MIDSTÖÐ SÍMENNTUNAR
Á SUÐURNESJUM

Efnisyfirlit

Áritun óháðs endurskoðanda	2
Skýrsla stjórnar	4
Rekstrarreikningur	5
Efnahagsreikningur	6
Yfirlit um sjóðstreymi	7

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og hlutafa Miðstöðvar símenntunar á Suðurnesjum ses.

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Miðstöðvar símenntunar á Suðurnesjum fyrir árið 2017. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar. Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2017, efnahag þess 31. desember 2017 og breytingu á handbæru fé á árinu 2017, í samræmi við lög um ársreikninga.

Grundvöllur fyrir álit

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum um ábyrgð endurskoðanda hér að neðan. Við erum óháð Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum ses. í samræmi við settar siðareglur fyrir endurskoðendur á Islandi og höfum við uppfyllt ákvæði þeirra. Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum

Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Stjórnendur eru einnig ábyrgir fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins eru stjórnendur ábyrgir fyrir því að meta rekstrarhæfi Miðstöðvar símenntunar á Suðurnesjum ses. Ef við á, skulu stjórn og framkvæmdastjóri setja fram viðeigandi skýringar um rekstrarhæfi og hvers vegna þau ákváðu að beita forsendunni um rekstrarhæfi við gerð og framsetningu ársreikningsins, nema stjórnendur hafi ákveðið að leysa félagið upp eða hætta starfsemi, eða hafi enga aðra raunhæfa möguleika.

Ábyrgð endurskoðenda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar er að afla nægjanlegar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit okkar.

Nægjanleg vissu er þó ekki trygging þess að endurskoðun framkvæmd í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins, einar og sér eða samanlagðar.

Endurskoðun okkar í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggir á faglegri dómgreind og beitum við gagnrýnni hugsun við endurskoðunina. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

- Greinum og metum hættuna á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, hönnum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeim hættum og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, skjalafals, misvísandi framsetningu ársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé framhjá innri eftirlitsaðgerðum.

- Öflum skilnings á innra eftirliti, sem snertir endurskoðunina, í þeim tilgangi að hanna viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.

- Metum hvort reikningsskilaaðferðir sem notaðar eru, og tengdar skýringar, séu viðeigandi og hvort reikningshaldslegt mat stjórnenda sé raunhæft.

- Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi þurfum við að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um rekstrarhæfi félagsins.

Áritun óháðs endurskoðanda (framhald)

- Metum í heild sinni hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum, metum framsetningu, uppbyggingu, innihald og þar með talið skýringar við ársreikninginn með tilliti til glöggrar myndar.

Okkur ber skylda til að upplýsa stjórnendur meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem komu upp í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega anmarka á innra eftirlit sem komu fram í endurskoðuninni, ef við á.

Reykjanesbær, 23. apríl 2018.

Deloitte ehf.

Anna Birgitta Geirfinnsdóttir

Anna Birgitta Geirfinnsdóttir
endurskoðandi

Staðfesting stjórnar

Ársreikningur Miðstöðvar símenntunar á Suðurnesjum ses. fyrir árið 2017 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga.

Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum var stofnuð 10. desember 1997.

Markmið Miðstöðvar símenntunar á Suðurnesjum er að efla endur- og símenntun Suðurnesjamanna, samstarf atvinnulífs og skóla og tengsl grunn- og endurmenntunar. Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum býður einstaklingum, fyrirtækjum og stofnunum námskeið sem ekki heyra beint undir formlegt námsframboð skóla og er hér einkum átt við frístundanám og starfstengd námskeið og námskeiðaraðir. Kennslu í Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum er hagað þannig að hún hæfi fullorðnum.

Hagnaður Miðstöðvar símenntunar á Suðurnesjum ses. á árinu 2017 nam kr. 22.039.799. Samkvæmt efnahagsreikningi nema eignir félagsins kr. 157.449.321, bókfært eigið fé í árslok er kr. 134.420.287 og er eiginfjárhlutfall félagsins 85,4% samanborið við 78,4% í ársbyrjun.

Stjórn félagsins leggur til að hagnaður ársins verði yfirfært til næsta árs, en vísar að öðru leyti í ársreikninginn um breytingar á eigin fé félagsins.


Það er álit stjórnar og forstöðumanns Miðstöðvar símenntunar á Suðurnesjum ses. að í ársreikningi þessum komi fram allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu félagsins í árslok, rekstrarárangri ársins og fjárhagslegri þróun á árinu. Stjórn og forstöðumaður Miðstöðvar símenntunar á Suðurnesjum ses. staðfesta hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2017 með undirritun sinni.

Reykjanesbær, 23. apríl 2018

Í stjórn



Kristín María Birgisdóttir
stjórnarformaður




Ellert Eiríksson



Kristján Ásmundsson



Guðbrandur Einarsson



Jóhanna Björk Sigurbjörnsdóttir

Forstöðumaður



Guðjónína Sæmundsdóttir

Rekstrarreikningur ársins 2017

	Skýr.	2017	2016
Rekstrartekjur		327.639.460	291.834.211
Aðrar tekjur		7.378.462	4.793.790
Laun og annar starfsmannakostnaður	3	(165.838.306)	(148.199.241)
Annar rekstrarkostnaður		(149.049.116)	(131.696.758)
Afskriftir fastafjármuna	6	(2.704.298)	(4.361.318)
Rekstrarhagnaður		<u>17.426.202</u>	<u>12.370.684</u>
Fjármunatekjur	4	5.262.841	(1.354.777)
Fjármagnsgjöld	5	(649.244)	(774.155)
Hagnaður ársins		<u><u>22.039.799</u></u>	<u><u>10.241.752</u></u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2017

Eignir	Skýr.	31.12.2017	31.12.2016
Fastafjármunir			
Varanlegir rekstrarfjármunir	6	4.973.341	4.254.425
Fjárfestingarverðbréf	7	100.000	100.000
		<u>5.073.341</u>	<u>4.354.425</u>
Veltufjármunir			
Viðskiptakröfur	8	15.985.050	24.740.237
Aðrar skammtímakröfur		2.384.177	1.971.409
Handbært fé		134.006.753	112.351.476
		<u>152.375.980</u>	<u>139.063.122</u>
Eignir		<u>157.449.321</u>	<u>143.417.547</u>
Eigið fé og skuldir			
Eigið fé			
Óráðstafað eigið fé	9	134.420.287	112.380.489
Eigið fé		<u>134.420.287</u>	<u>112.380.489</u>
Skammtímaskuldir			
Viðskiptaskuldir	10	7.701.144	5.061.071
Aðrar skammtímaskuldir		15.327.890	25.975.987
Skuldir		<u>23.029.034</u>	<u>31.037.058</u>
Eigið fé og skuldir		<u>157.449.321</u>	<u>143.417.547</u>

Yfirlit um sjóðstreymi ársins 2017

	Skýr.	2017	2016
Rekstrarhreyfingar			
Rekstrarhagnaður		17.426.202	12.370.684
Afskriftir	6	2.704.298	4.361.318
Óbein niðurfærsla viðskiptakrafna, breyting		584.260	(950)
Veltufé frá rekstri án vaxta		<u>20.714.760</u>	<u>16.731.052</u>
Aðrar rekstartengdar eignir, lækkun, (hækkun)		7.758.159	(19.339.539)
Rekstartengdar skuldir (lækkun), hækkun		<u>(8.008.024)</u>	<u>11.747.910</u>
Handbært fé frá rekstri án vaxta		20.464.895	9.139.423
Innborgaðir vextir og arður		5.262.840	4.081.843
Greiddir vextir		<u>(649.244)</u>	<u>(6.210.775)</u>
Handbært fé frá rekstri		<u>25.078.491</u>	<u>7.010.491</u>
Fjárfestingahreyfingar			
Keyptir/seldir varanlegir rekstrarfjármunir	6	<u>(3.423.214)</u>	<u>(1.190.132)</u>
		<u>(3.423.214)</u>	<u>(1.190.132)</u>
Fjármögnunarhreyfingar			
		<u>0</u>	<u>0</u>
Hækkun handbærs fjár		21.655.277	5.820.359
Handbært fé í upphafi árs		112.351.476	106.531.117
Handbært fé í lok árs	8	<u>134.006.753</u>	<u>112.351.476</u>
Aðrar upplýsingar			
Veltufé frá rekstri	14	<u>25.328.356</u>	<u>14.602.120</u>